

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumanns- **38**
ins í Ísafjarðarsýslu um flutning þingstaðar. 19. maí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 14. þ. m., og beiðni hreppsnefndar Reykjarfjarðarhrepps veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Reykjarfirði í Vatnsfjörð, enda annist hreppsnefndin um það, að jafnan verði til á hinum nýja stað hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

REIKNINGUR

39

yfir

tekjur og gjöld Prestsekknasjóðsins árið 1924.

T e k j u r:

1. Eign í árslok 1923 (sbr. Stjórn.tíð. B. 1924, bls. 18)	kr.	42991 74
2. Vextir á árinu:		
a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	769 50
b. — veðskuldabrjefum	—	120 00
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	1220 82
d. — innstæðu í sparisjóði	—	135 45
		2245 77
3. Gjafir og tillög	—	444 00
	Kr.	45681 51

G j ö l d:

1. Úthlutað á synodus	kr.	1200 00
2. Ofreiknaður brjefagróði á f. á.	—	84 00
3. Eign í árslok:		
a. Í bankavaxtabrjefum	kr.	17000 00
b. — veðskuldabrjefum	—	2400 00
c. — Söfnunarsjóði	—	21483 06
d. — sparisjóði Landsbankans	—	3160 19
e. — Hjá reikningshaldara	—	354 26
		44397 51
	Kr.	45681 51

Biskupinn yfir Íslandi,
 Reykjavík, 14. maí 1925.

Jón Helgason.